



Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Fjarðabyggð, 07.10.2019  
Tilvísun 1904082/5.9.3

## Endurbætur á hjúkrunarheimilinu Uppsöldum á Fáskrúðsfirði

Hjúkrunarheimilið Uppsalir var upphaflega byggt sem dvalarrými árið 1987, síðar var byggð hjúkrunarálma við húsið og það vígð árið 1999. Heilbrigðisráðuneytið samþykkti þann 6. febrúar 2019 að breyta rekstrarheimildum Uppsala þannig að síðustu skráðu dvalarheimilisrými byggingarinnar yrðu að hjúkrunarrýmum. Þar með var eldri bygging heimilisins orðin að hreinu hjúkrunarheimili. Uppsalir hafa í dag heimild fyrir 19 hjúkrunarrýmum og 1 hvíldarinnlagnarrými.

Óskað var eftir breytingunni á dvalarrýmisálmunni til að mæta breyttum áherslum þar sem eftirspurn eftir dvalarrýmum hafði dvínað. Eftir breytinguna hefur verið viðvarandi 100% nýting á hjúkrunarrýmum heimilisins.

Gamla dvalarheimilissálman er á 2. hæð Uppsala, byggingin er óbreytt frá því 1987. Hún er byggð m.t.t. íbúa sem þurftu takmarkaða þjónustu og aðstoð að halda og hafa fulla hreyfigetu. Með aukinni hjúkrunarþyngd íbúa verður óæskilegt að nýta þau rými sem þar eru af öryggisástæðum auk þess sem ómógulegt er fyrir íbúa með skerta hreyfigetu að búa þar vegna skorts á aðgengi. Lyfta hússins er lítil og getur ekki tekið við fólk í hjólastól né sjúkrarúnum, auk þess sem inngangur inn á rýmin í álmunni er óaðgengilegur fyrir fólk með hreyfihömlun. Þá eru salernin í rýminu ekki aðgengileg fyrir fólk með hreyfihömlun þar sem hvorki er hægt að fara inn með hjólastóla né göngugrindur.

Bæði hjúkrunarrými og dvalarrými Uppsala gerðu flest ráð fyrir tveimur íbúum í herbergi. Með núverandi nýtingu þ.e. 20 hjúkrunarrýmum er hægt að breyta heimilinu þannig að allir íbúar búa í sérrými og með sér salerni o.s.frv.

### Endurbætur

Til þess að viðhalda fullri nýtingu á heimilinu og mæta fyllstu kröfum um öryggi og annan aðbúnað er nauðsynlegt að ráðast í endurbætur á hjúkrunarheimilinu. Að öðrum kosti mun til framtíðar ekki vera hægt að nýta herbergi á efri hæð fyrir hjúkrunarrými því gera má ráð fyrir núverandi íbúar færast á neðri hæð hjúkrunarheimilisins og ólíklegt að einstaklingar gætu komið í staðinn vegna skertrar hreyfigetu. Það er því ósk Fjarðabyggðar að farið verði í endurbætur á heimilinu til að tryggja að heimilið geti áfram tekið á móti íbúum á hjúkrunarheimilið í samræmi við kröfur heilsu- og færnismatsnefndar. Hannaðar hafa verið endurbætur á húsinu sem taka mið af því að bæta aðgengi hæðarinnar og íbúðanna.



Með endurbótunum skapast aðstæður sem eru ákjósanlegar fyrir íbúa óháð hjúkrunarþyngd, með inngangi og sér salcrni sem er aðgengilegt fyrir hreyfiskerta. Þá yrðu gerðar endurbætur á lyftu hússins þannig að hún sé aðgengileg fyrir hreyfiskerta sem og sjúkrarúm.

Með endurbótunum myndu skapast einnig mjög góðar aðstæður til að breyta heimilinu úr fjölbýli í einbýli eins og að hefur verið stefnt undanfarin ár.

Unnið er að lokafrágangi hönnunar m.t.t. brunavarna. Ljóst er að kostnaður við verkið yrði um 120 - 140 m.kr. skv. meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð fer þess á leit við Heilbrigðisráðuneytið að það tryggi fjárframlag til móts við sveitarfélagið árið 2020 til endurbóta húsnæðisins svo áfram verði hægt að mæta þeirri hjúkrunarþörf sem fyrir er og aukinni hjúkrunarþyngd þeirra.



Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Fylgiskjal: Tillögur frá Mannvit að breytingum rýma ásamt kostnaðaráætlun og minnisblaði.